

Fundur 10.3.2025 Jón Sigurðsson forseti.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur öllum úr stjörnusambandssöð.

*Já góða kvöldið. Blessaður.*

Allt of langt er síðan ég kom í sambandið til ykkar, og hef ég komið fram á þeim langa tíma síðan ég fluttist af jörðinni ykkar, og hef ég sagt frá atvikum í lífi mínu, eins og þau hafa gerst.

Erum við hér saman stödd á framlífs jörð, og erum við enn að hugsa um örlög íslensku þjóðarinnar, og erum við að reyna að finna aðferðir til að magna ykkur og hjálpa og verða til þess að sjálfstæðið aukist hjá íslensku þjóðinni og öðrum þjóðum, og farsæld ríki á framtíðar braut.

Er það ýmislegt sem á mig kallar á ykkar tímum, og hvetur mig til að koma fram í sambandi hjá ykkur, og margskonar breytinga tímar sem nú ganga í garð hjá mannkyninu.

Og hef ég áður sagt frá ýmsum þeim viðburðum sem orðið hafa á minni framlífs braut, og var ég fyrir nokkru var við það að viðskipti og samskipti þjóðanna á ykkar frumlífs jörð, hafa átt undir högg að sækja, frá margskyns öflum sem bæði eiga sér uppruna meðal ykkar og fólks á jörðinni sem hefur mismunandi skoðanir á því efni, og sem einnig eiga sér uppruna hér á öðrum hnöttum og vegna andlegra áhrifa.

Og fannst mér strax í upphafi, er ég kom hingað á framlífs jörð mína, að ég væri ábyrgur fyrir velferð íslensku þjóðarinnar, þar sem hún gaf mér titil, sem þó átti ekki við nema í öðru samhengi, en sem aðrir hafa borið, sem áfram hafa gengið veginn til góðs og hafa veið leiðtogar ykkar þjóðar.

*Ert þú Jón Sigurðsson ?*

Já, já rétt er það.

*Velkominn.*

Pakka þér fyrir, ég huga mjög að verslunarfrelsi þessa dagana, og hef ég orðið þess var að breytingar eru að verða í því efni, á ykkar heimshluta, og hef ég ráðfært mig við ýmsa menn, og ber þeim ekki saman um þau öfl sem að verki eru, eða hvert það muni leiða.

En viðvörunarorð höfum við heyrt þess efnis að óvæntar afleiðingar kunni það að hafa á heimshagkerfið, og að einnig séu önnur öfl að verki í Kína og Austurlöndum fjær þar sem veikleikar kunna að vera, og því ekki augljóst hve vel það muni ganga að halda jafnvægi á þessu heimshagkerfi.

Og kemur það saman við áætlanir Jahves, sem fóru út um þúfur með harmageddon og heimsókn þeirra mannkynja til jarðarinnar fyrir nokkrum árum, og eru eftirhreytur þess, bæði að finna í versnandi heilsufari, og einnig í auknum ójöfnuði og aukinni hættu á sveiflum í hagkerfinu sem gæti farið úrskeiðis.

En hér í mínu framlífi hef ég stöðugt haft samband við marga hnetti Íslendinga og íbúa annara landa, framlífs jarðir, Norðurlanda búa og annara, og hef ég fylgst með því hvort vel hafi ekki gengið, og það er jú svo að hæfni á öllum sviðum hefur aukist, og bæði er minna um sveiflur og fátækt, þannig að bjartsýni má fyllast fyrir hönd ykkar og annara, um að vel stefni.

En ýmis helstefnu öfl eru þó að verki sem hafa truflað.

Vil ég gjarnan að Íslendingar sýni af sér dirfsku og ráðdeild, og hafi samband við þær þjóðir sem fremstar standa hverju sinni og séu ekki bundnir af hlekkjum fortíðarinnar, þegar heimurinn breytist stöðugt.

Og hef ég mjög haft áhuga á þeim kenningum, sem hljóða upp á það, að Íslendingar verði forystuþjóð á mörgum sviðum, og vil ég gjarnan leggja mitt af mörkum er hægt er.

En það má segja með sanni að stjórnendur ykkar þjóðar, þurfi að létta af sér oki pólitískrar sérhagsmuna gæslu og flokkshagsmuna, til að sigla milli skers og báru, eftir því sem atburðum vindur fram.

Og taka vel eftir því sem gerist. Hér eru sterk öfl hjá okkur að verki sem hefur orðið vel ágengt í því að hrinda frá ykkur farsóttum og drepsóttum, sem hefur verið reynt að hrinda af stað hjá ykkur, en efla þarf almenna lífsorku meðal ykkar og finna þarf jafnvægi á milli hærri þróunar mannsins og hærri þróunar tækninnar.

Og er það eitt helsta vandamál nútíma ykkar, að líforkan þarf að aukast að miklum mun og samskipti fólksins að vera kærleiksríkari.

Get ég nú ekki verið miklu lengur í sambandinu en vildi ýmislegt segja af mér, hér hef ég farið á marga hnetti í framlífi og hef ég talað til ykkar í gegnum marga miðla og eru nokkrir af þeim framliðnir veit ég og hef ég talað við þá suma í fjartali.

En er ég kominn lengra á framlífs brautinni.

Já það er margs að minnast og ánægjulegt að komast í sambandið og finn ég að þið heyrið á mér að áhugamál mín eru þau sömu, viðskiptafrelsi og farsæld íslensku þjóðarinnar.

Og vil ég nú kveðja ykkur að sinni og þakka ég fyrir gott hljóð, verið þið sæl.

*Takk fyrir.*

*Vertu blessaður Jón og þakka þér fyrir komuna.*